



Fundargerð

Fundur í mennta- og menningarmálanefnd Reykhólahrepps, mánudaginn 9. maí 2022, kl. 17.00.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið, Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt; Árný Huld Haraldsdóttir formaður, Ólafía Sigurvinsdóttir og Vilberg Þráinsson. Einnig sátu fundinn Anna Björg Ingadóttir skólastjóri Reykhólaskóla, Íris Ósk Sigþórsdóttir deildarstjóri í Reykhólaskóla leikskóladeild, Krístrún Birgisdóttir vegna Ásgarðs, Jóhanna Ösp Einarsdóttir tómstundafulltrúi, Katla Tryggvadóttir f.h. foreldrafélags Reykhólaskóla og Ingibjörg Birna Erlingsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð. Anna Björg og Krístrún sátu fundinn í gegnum Teams.

Fundargerðin er rituð í tölvu og er tvær blaðsíður

Dagskrá:

Mál til afgreiðslu

1. Fundargerð mennta- og menningarmálanefndar 5. apríl 2022.

Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt samhljóða.

Krístrún fór með nefndinni yfir skýrslu vegna Ásgarðs. Hún fór m.a. yfir heimsskóla í skýjunum.

2. Uppsögn skólastjóra Reykhólaskóla.

Lögð er fram uppsögn Önnu Bjargar Ingadóttur skólastjóra Reykhólaskóla dagsett 30. apríl 2022.

Nefndin þakkar Önnu fyrir störf hennar í þágu Reykhólaskóla.

Nefndin leggur til við sveitarstjórn að auglýst verði eftir skólastjóra yfir sameinaða skólastofnun Reykhólaskóla. Samþykkt samhljóða.

Einnig er samþykkt að auglýst skuli eftir tónlistakennara við Reykhólaskóla.

3. Skóladagatal leikskóladeildar 2022 – 2023.

Lagt er fram skóladagatal leikskóladeildar skólaárið 2022 – 2023.

Nefndin samþykkir framlagt skóladagatal samhljóða.

Önnur mál :

1. Staða mönnunar leikskóladeildar.

Deildarstjóri leikskóladeildar kynnti stöðuna á leikskólanum. Vegna m.a. veikinda starfsfólks lítur út fyrir að erfitt geti verið að halda úti óbreyttu starfi.

2. Samstarf tómstundastarfs.

Tómstundafulltrúi lagði fram tillögu að samstarfi Reykhólahrepps, Dala og Stranda, að tómstundastarfi til að styrkja tengsl barna og auka á fjölbreytni í starfinu.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 18.00
Fundargerð samþykkt með rafrænni undirskrift.